

Drífa Skúladóttir Svanur
Tómasson Auður Kjartansdóttir
Halldór Kristinsson Illugi Jens
Jónasson Davíð Viðarsson
Magnús Eiríksson Valgerður Hlín
Krstmannsdótti

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 127127. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 31. maí 2019
og hófst hann kl. 09:15.**

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Svanur Tómasson, Auður Kjartansdóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Magnús Eiríksson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Sölvaslóð_tillaga að breyttu deiliskipulagi - 1905012

Snæfellsbær sækir um breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundalóðir við Sölvaslóð á Arnarstapa. Eftir breytingu verður heimilt nýtingarhlutfall allt að 0.04. Þetta hefur í för með sér breytingu á skilmálum, en uppdráttur verður óbreyttur.

Óskað er eftir að tillagan verði afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

2. Gamli Kaupstaður_lýsing fyrirhugaðrar deiliskipulagstillögu - 1905013

Tjaldbúðaós ehf. óskar eftir heimild bæjaryfirvalda til að vinna áfram að undirbúningi deiliskipulags með því að leitað verði umsagnar um lýsingu og hún verði kynnt almenningi. Í kjölfarið verði unnin tillaga að deiliskipulagi sem verður kynnt og afgreitt í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga.

Markmiðið er að skipta svæðinu í fjóra hluta og byggja þrjú frístundahús til viðbótar við það sem fyrir er. Byggingarreitir verða að lágmarki 10 m. frá lóðarmörkum. Aðkoma verður við veg sem þegar er til staðar og umferðarréttur helst óbreyttur.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið á þeim forsendum að hæð, stærð og útlit falli vel að umhverfinu. Hæðin á húsunum verði ekki meiri en 5,4 metrar.

3. Ólafsbraut 62-64_Snæfellsbær sækir um niðurrif á húsi og bílskúrum - 1905011

Snæfellsbær sækir um byggingarleyfi fyrir niðurrifi á íbúðarhúsi og bílskúrum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

4. Lýsuhólslaug-félagsheimili_Snæfellsbær sækir um leyfi til að klæða

777

B

Al

M. G

M. G

félagsheimilishluta við sundlaug - 1905010

Snæfellsbær sækir um byggingarleyfi til að klæða félagsheimilishluta við sundlaug. Klætt verður með timburklæðningu og aluzinki. Einnig verður bætt við flóttaleið úr sal félagsheimilisins í vestur.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

5. Brautarholt 6_Kristján Helgason sækir um leyfi til að klæða húseign sína, efri hæð - 1905005

Kristján Helgason sækir um byggingarleyfi til að einangra húsið (efri hæð) að utan með 2" steinull í timburlektum, klæða það með aluzink bárustáli og setja nýja plastglugga.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki meðeiganda hússins. Nefndin bendir einnig á að við breytingar á gluggum þurfa þeir að uppfylla skilyrði um flóttaleiðir.

6. Holtabrún 4_umsókn um leyfi til að klæða húseign - 1705003

Tekið fyrir að nýju. Árný Bára Friðriksdóttir sækir um leyfi til að klæða húseign sína að Holtabrún 4. Erindið var tekið fyrir á 105. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar og samþykkt með skilyrði um að klæðning yrði í samráði við byggingarfulltrúa. Verkið hefur ekki verið framkvæmt og því er sótt um það að nýju.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

7. Stóri Kambur_Aron J. Leví Kristjánsson sækir um stöðuleyfi fyrir 3x 40 feta geymslugáma og byggja þak á milli þeirra - 1905006

Aron J. Leví Kristjánsson sækir um stöðuleyfi fyrir 3x 40 feta gáma sem eru nú þegar á staðnum, snúa þeim þannig að þeir myndi U (sjá fylgiskjal) og byggja þak á milli þeirra. Gámarnir eru notaðir sem geymslur.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel í erindið en bendir á að umsókn þarf að koma frá eiganda jarðarinnar og í framhaldi verður að skrá gámana með skráningartöflu og teikningum.

8. Akrar 2_Sigríður Einarsdóttir sækir um stöðuleyfi fyrir 2 starfsmannahús á meðan unnið er að teikningum og skráningartöflu fyrir húsin - 1905004

Sigríður Einarsdóttir sækir um stöðuleyfi fyrir 2 starfsmannahús, 23 fm. á meðan unnið er að teikningum og skráningartöflu fyrir þau.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Nefndin bendir á að þessi hús hafi verið á stöðuleyfi og þar sem þau eiga að standa til frambúðar verði þeim betur komið fyrir í landinu.

9. Bankastræti 1_Glacier fish ehf. sækja um stöðuleyfi fyrir gáma - 1905015

Glacier fish ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir fjórum gámum. Stefnt er á að gámarnir verði skráðir sem hluti af húsinu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en bendir á að skrá verður gámana með skráningartöflu og teikningum. Stöðuleyfi er veitt til næstu áramóta á meðan unnið er að því að skila inn gögnum. Staðsetning verði við norðaustur enda hússins og gámarnir klæddir í samræmi við húsið.

10. Ingjaldshóll-kirkjugarður_Ari Bent Ómarsson sendir inn fyrirspurn varðandi vinnu við stíga-, slóðavinnu - 1905009

Ari Bent Ómarsson sendir inn fyrirspurn f.h. Ingjaldshólskirkju varðandi styrk til að

777

Q

AU

14/11

M. E